



HVERAGERÐISBÆR

Framkvæmdaáætlun Hveragerðisbæjar á sviði barnaverndar: 2008-2010



Inngangur

Framkvæmdaáætlun þessi er gerð með vísan til 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þar segir:

"Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu."

Markmið með áætluninni er að stuðla að vönduðum vinnubrögðum, markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Kostnaður við barnaverndarstarf skal vera í samræmi við fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar á hverjum tíma. Með börnum í áætlun þessari er átt við einstaklinga 18 ára og yngri.

Markmið

Stuðla ber að því að börn í Hveragerði búi við viðunandi uppeldisaðstæður þar sem þau njóti virðingar og umhyggju og velfarnaðar þeirra sé gætt í hvívetna. Þá skal þess gætt að ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu höfð að leiðarljósi í barnaverndarstarfi. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem öðlaðist gildi hérlendis árið 1992, er fjallað um réttindi barna til sérstakrar verndar og umönnunar þar sem þau hafa ekki tekið út líkamlegan og andlegan þroska. Þar segir að:

"veita beri fjölskyldunni, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu."

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er kveðið á um rétt barna til verndar og umönnunar og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Börn eiga rétt á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu. Barnaverndarstarf verður að beinast markvisst að því að tryggja þessi grundvallar mannréttindi barna. Efla þarf foreldra og styrkja þá til að takast á við uppeldishlutverk sitt og barnaverndarstarf þarf að miða að því að tryggja börnum eðlilegan uppvöxt og þroska. Markmið barnaverndarstarfs í Hveragerði er að bæta aðbúnað og líðan barna. Haft verður að leiðarljósi að þjóna sem best börnum og fjölskyldum þeirra.

Leiðir

Leiðir að markmiðum þessarar áætlunar eru byggðar á þrenns konar aðgerðum:

1. Almennar aðgerðir í þágu barna í samfélaginu.
2. Sérstækar aðgerðir og forvarnir í þágu tilgreindra hópa barna.
3. Vinna með málefni einstakra barna út frá barnaverndarlögum.

Framkvæmdaáætlun árið 2008-2010

Almennar aðgerðir

1. Forvarnarhópur

Sett verður á stofn forvarnarhópur sem hefur það að markmiði að stuðla að heilbrigðu líferni ungmenna og öruggu umhverfi. Í forvarnarhópinn verði skipaðir fulltrúar frá félagsþjónustu, skóla, lögreglu, heilsugæslu, félagsmiðstöð og nemendum í grunn- og framhaldsskóla.

Ábyrgð: *Félagsmálastjóri í samvinnu við menningar- og frístundarfulltrúa*
Markmið: *Stuðla að heilbrigðu líferni ungmenna og öruggu umhverfi.*
Hvenær: *Haust 2008*

2. Fræðsla til stofnana/samtaka sem vinna með börnum

Í upphafi hvers skólaárs skal bjóða upp á fræðslu til starfsmanna leik- og grunnskóla og dagforeldra, þar sem farið er yfir tilkynningarskyldu þeirra til barnaverndarnefnda og barnaverndarstarf kynnt ásamt annarri þjónustu félagsþjónustunnar.

Ábyrgð: *Félagsmálastjóri*
Markmið: *Starfsfólk sem vinnur með börnum þekki tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda og bregðist rétt við.*
Hvenær: *Haust 2008, 2009.*

3. Foreldrafærnisnámskeið

Foreldrum leikskólabarna verði boðið upp á foreldrisfærnisnámskeið *Uppeldi sem virkar-færni til framtíðar*. Þeir foreldrar sem ljúka námskeiðinu fá 5% afslátt af leikskólagjöldum. Á námskeiðinu verður foreldrum kennt að koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika, hjálpa börnum til að tileinka sér öryggi, sjálfstæði og jákvæðni. Foreldrum verði kennt að efla eigin styrkleika og færni í foreldrahlutverkinu og nota aga á jákvæðan og árangursríkan hátt. Foreldrar kenni börnum sínum æskilega hegðun og takast á við venjuleg vandmál í uppeldi.

Ábyrgð: *Félagsmálastjóri, aðkeypt þjónusta fagaðila*
Markmið: *Styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu*
Hvenær: *Boðið upp á 6 námskeið tímabilið 2008-2010.*

Sértækar aðgerðir

1. Nemendaverndarráð í grunn- og leikskólum.

Nemendaverndarráð er samráðsvettvangur sérfræðinga úr þeim kerfum/stofnunum sem sinna velferð barna í Hveragerði. Á fundunum stilla sérfræðingar saman strengi sína og skipta með sér verkefnum þannig að þjónustan verði sniðin að þörfum barnsins. Hlutverk nemendaverndarráðs er að finna markvissar leiðir til úrbóta fyrir börn sem þurfa fjölþætta þjónustu og þangað er vísað með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Þessar aðgerðir beinast að því að efla fjölskyldur í hlutverki sínu, styrkja og bæta almennan aðbúnað barna.

Ábyrgð: Félagsmálastjóri í samstarfi við leik- og grunnskóla.

Markmið: Markviss þjónusta ólíkra stofnana fyrir börn.

Hvenær: Fastir fundir frá sept-maí 2008-2010.

2. Börn innflytjenda

Huga skal sérstaklega að því að börn innflytjenda aðlagist íslenskum aðstæðum sem allra fyrst. Gera skal börnum af erlendum uppruna kleift að stunda tómstundir og íþróttir sem falla að áhugasviði þeirra. Jafnframt skal leitast við að þau fái stuðningsaðila/fjölskyldu sem mun hjálpa þeim og fjölskyldum þeirra að aðlagast.

Ábyrgð: Félagsmálastjóri í samstarfi við skóla

Markmið: Gera börnum innflytjenda aðlögun að íslensku samfélagi auðveldari.

Hvenær: Hausti 2008 og 2009

3. Íþrótt- og tómstundapátttaka barna.

Öllum börnum skal gert kleift að stunda íþróttir og/eða tómstundir enda er litið svo á að þátttaka í skipulögðu frístundarstarfi hafi mikið forvarnargildi. Stuðla skal að því að börn sem eiga foreldra sem búa við bágan fjárhag sé gert kleift að taka þátt í skipulögðu frístundarstarfi.

Ábyrgð: Félagsmálastjóri í samstarfi við menningar- og frístundarfulltrúa

Markmið: Börnum ekki mismunað þátttaka í íþrótt- og tómstundastarfi vegna fjárhags foreldra

Hvenær: Hausti 2008

4. Innleiðing fjölskyldu ART þjálfunar.

Í Grunnskóla Hveragerðis er börnum sem eiga við hegðunarvanda að stríða boðið upp á ART þjálfun en ART stendur fyrir "Agression replacement training" og er árangursrík aðferð sem tekur á félagslegum samskiptum, aðlögun og sjálfstjórn auk siðferðilegrar umræðu. Í samvinnu við grunnskóla og verkefnisstjóra ART á Suðurlandi mun félagsþjónustan bjóða upp á fjölskyldu - ART þar sem foreldrar og börn vinna saman í því að bæta samskipti og líðan inn á heimilum.

Ábyrgð: Félagsmálastjóri í samstarfi við skóla og verkefnisstjóra ART á Suðurlandi

Markmið: Foreldrar og börn læri nýjar og árangursríkar samskiptaleiðir
Hvenær: Vetur 2008, haust 2009

5. Átak gegn kynferðislegri misnotkun barna.

Til að stuðla að forvörnum gegn kynferðislegri misnotkun mun félagsþjónustan bjóða starfsfólki stofnana/samtaka sem vinnur með börnum upp á námskeiðið Verndarar barna í samvinnu við samtökin Blátt áfram. Markmið með námskeiðinu er að bjóða upp á öfluga fræðslu og þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af hugrekki og ábyrgð.

Ábyrgð: Félagsmálastjóri í samstarfi við Blátt áfram
Markmið: Starfsfólk sem vinnur með börnum þekki og bregðist við kynferðislegri misnotkun barna.
Hvenær: Vetur 2008

Úrræði í málefnum einstakra barna

1. Efla stuðningsúrræði í barnaverndarmálum.

Í málum barna þar sem veita þarf stuðning skv. 24. gr. barnaverndarlaga er mikilvægt að veita faglegan og markvissan stuðning. Stuðningurinn á að miða að því að þarfir barnanna séu í fyrirrúmi og einnig þarf að taka mið af áhættuþáttum í umhverfi barnsins. Ráða þarf fagmenntað starfsfólk til að veita slíka þjónustu.

- a) **Sérhæfður tilsjónarmaður.** Þroskaþjálfari sjái um að veita forreldrum yngri barna stuðning inn á heimilinu. Stuðningurinn er miðaður að því að hjálpa foreldrum að koma á föstum venjum og reglum í daglegum athöfnum.
- b) **Félagsráðgjöf heim.** Félagssráðgjafi veiti foreldrum eldri barna stuðning í nánasta umhverfi barnsins. Tekið er á samskiptum heima fyrir og tengsl við skóla, frístundir og aðrar stofnanir eflar.

Ábyrgð: Félagsmálastjóri
Markmið: Markviss og faglegur stuðningur í barnaverndarmálum
Hvenær: Vetur 2009